



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 12. október, 2011

Ákvörðun nr. 32/2011

Kaup MP banka á fyrirtækjasviði Sögu fjárfestingarbanka hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi móttæknu 6. september tilkynnti MP banki hf. (hér eftir MP banki) Samkeppniseftirlitinu um kaup félagsins á rekstrarhluta og nánar tilgreindum eignum (fyrirtækjasviði) Sögu fjárfestingarbanka hf. (hér eftir Saga eða Saga fjárfestingarbanki). Var um styttri tilkynningu að ræða með vísan til b liðar 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 þar sem samanlögð markaðshlutdeild samruanaðila væri lægri en 20%.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Getur slík breyting m.a. falið í sér að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, ná beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti.

MP banki hefur viðskiptabankaleyfi skv. ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Hefur MP banki haft viðskiptabankaleyfi frá 10. október 2008 þrátt fyrir að starfsemin hafi ekki alltaf verið rekin af sama félagi. Sumarið 2011 létu starfsmenn fyrirtækjaráðgjafar MP banka af störfum.

Saga fjárfestingarbanki hefur starfsleyfi sem lánaþyrirtæki skv. lögum um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt heimasíðu Saga fjárfestingarbanka býður félagið upp á alla hefðbundna fjárfestingabankþjónustu svo sem fyrirtækjaráðgjöf, verðbréfamíðlun, eignauskýslu, skuldabréfaútböð og fjárfestingaráðgjöf til fyrirtækja, stofnana og fagfjárfesta. Fram hefur komið í fjölmiðlum að starfsmenn Saga verði í kjölfar samrunans og vegna uppsagna tveir. Samkeppniseftirlitið hefur ekki rannsakað sérstaklega starfsemi Saga fjárfestingarbanka.

III.

Niðurstaða



Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

Bent er á það í samrunaskrá að fjöldi fyrirtækja hafi sprottið upp að undanfögnu sem sinna fyrirtækjaráðgjöf. Þeirra á meðal er Artica Finance. Artica Finance hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki sem er ekki jafn viðtækt og starfsleyfi MP banka. Samkvæmt lista á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins hafa 13 fyrirtæki sambærilegt leyfi. Fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi sem viðskiptabankar sinna jafnframt fyrirtækjaráðgjöf. Telur MP banki að samkeppnisleg áhrif samrunas séu lítil.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til þess að aðhafast vegna samrunans enda sé markaðshlutdeild MP banka óveruleg og aukist aðeins lítillega. Þá starfar nokkur fjöldi fyrirtækja á sama markaði auk þess sem markaðshlutdeild og fjárhagslegur styrkleiki viðskiptabankanna Íslandsbanka, Arion banka og Landsbanka er töluverð.

Ákvörðunarorð:

„Kaup MP banka hf. á tilteknum eignum og rekstri Saga fjárfestingarbanka hf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson